

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 7A - Aukafundur.

að Hlíðavegi 6, þriðjudaginn 5. október 2010, kl. 15:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Málefni Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. **Fundarsetning.**
Oddviti setti fund.

2. **Málefni Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.**
Sveitarstjórn ræddi þá alvarlegu stöðu í heilbrigðismálum Þingeyinga sem boðuð er í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Eftirfarandi ályktun samþykkt:

Niðurskurður á fjárveitingum
til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga

Ályktun sveitarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum austan Vaðlaheiðar lýsa yfir miklum og þungum áhyggjum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á heilbrigðisþjónustu á Norðausturlandi. Sá niðurskurður á fjárveitingum til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, sem kynntur hefur

verið í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár, er ein mesta ógn sem steðjað hefur að búsetu á þessu svæði um langa hríð og myndi hafa mjög alvarlegar afleiðingar, ekki bara fyrir stofnunina heldur alla íbúa í Þingeyjarsýslum frá Ljósavatnsskarði í vestri til Þórshafnar í austri.

Krafa um tæplega 40% niðurskurð þýðir stórauðnar álögur á almenning á starfssvæði stofnunarinnar, atvinnumissi fólks í tugatali og myndi draga stórkostlega úr möguleikum sveitarfélaganna til uppbyggingar á komandi árum. Jafnframt er ljóst að krafa um 85% niðurskurð á sjúkrasviði þýðir í raun lokun á sjúkrahúsinu. Slíkt á ekkert skylt við eðlilegar sparnaðartillögur.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga er mikilvægt öryggisnet á stóru landsvæði þar sem fara þarf um allt að 300 km leið á milli staða. Sveitarfélögin Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð skora á ráðherra heilbrigðismála, ráðherra fjármála og þingmenn Alþingis að falla frá þessari tillögu og leggjast á eitt um að halda áfram rekstri Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga á forsendum fjárlaga ársins 2010.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik Jakobsson.